

Mosfellsfréttir

Fréttamiðill mosfellinga www.mosfellsfrettir.is

21. árg. 2. tbl. — Júní 2005



Fulltrúar B-listans fara fram á úttekt.

Á bæjarstjórnarfundum í mars mánuði óskuðu bæjarfulltrúar B-listans að gerð yrði úttekt á leigusamningi á 1.hæð Kjarna. Leigusamningi við Eignarhaldsfélagið Bakka um leigu á húsnæði undir Bókasafn og Þjónustumiðstöð Mosfellsbæjar. Í leigusamningi var 2.hæð Kjarna sett upp í leigu á 34 milljónir eða 28 milljónum undir bókfærðu verði og telja fulltrúar B-listans að það þarfnist útskýringa.



Pröstur Karlsson
oddviti B-listans

Tillaga frá fulltrúum B-listans var svohljóðandi:

Gerum að tillögu okkar að óvilhallir aðilar, endurskoðendur sveitarfélagsins geri úttekt og skili bæjarstjórn greinargerð vegna leigusamnings sem gerður var á síðasti ári um 1.121 fermetra húsnæði sem er á 1.hæð í Kjarna að Þverholti 2 Mosfellsbæ, en húsnæðið hýsir í dag m.a. Bókasafn Mosfellsbæjar. Jafnframt verði skoðað viðmið við leiguverð um sambærilega eign í Mosfellsbæ.

Greinargerð:

Í samningnum tók leigusali upp í leiguverði 2.hæð Kjarna sem er um 380 fermetra skrifstofuhúsnæði sem áður hýsti bókasafnið. Fasteignamat hæðarinnar er um 21,5 milljón og brunabótamat um 34 milljón, en bókfært verð hæðarinnar var um 65 milljón.

Uppítökuverð í leigusamningi var síðan miðað við 37,0 milljónir eða um 28,0 milljónum undir bókfærðu verði, sem þarfnast útskýringa. Óskað er eftir úttekt allt frá kaupum hæðarinnar til sölu hennar við þennan leigusamning.

Einnig verði skoðaðir eignaskiptasamningar um 1.hæð Kjarnans, en ekki er annað að sjá en að Mosfellsbær hafi átt allt Torgið (1.hæð) skv. eignaskiptasamningi sem í gildi var þegar leigusamningur var gerður.

Tillagan var samþykkt af öllum bæjarfulltrúum. Úttektin hefur enn ekki litið dagsins ljós.

MOSFELLSFRÉTTIR

Blað Framsóknarfélags Mosfellsbæjar
21. árg. 2. tbl. – Júní 2005

Ritstjóri og ábm. Pröstur Karlsson.
Myndir: Bryndís Bjarnarson, Ingólfur Júlíusson, Magnús Einarsson ofl.
Ritnefnd: Bryndís Bjarnarson, Magnús Jósefsson og Marteinn Magnússon.

Dreifing: Islandspóstur
Umbrot og tölvuvinnsla:
NN Fjölmiðlaþjónusta nn@centrum.is
Prentun: Prentmet



**Veislusalur til leigu,
tekur 60-80 manns í sæti.
Uppl. í síma 566-8752**

Endurfundir

64 árgangur úr Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar hélt endurfund sinn nú í vor. Ríkti mikil gleði þegar allir hittust eftir langa fjarveru. Eftir endurfundinn var haldið glæsilegt ball með Pöpunum og varð húsfyllir. Myndirnar tala sínu máli.



PIZZA~NESTI

Tilboð

16" pizza með 2 áleggstegundum á

1000 kr.

Hádegistilboð

9" pizza með 3 áleggst. og súperdós á

650 kr.



Hringlandaháttur

meirihluta sjálfstæðismanna

Í umræðunni um byggingu íþróttamiðstöðvar á vestursvæði hafa sjálfstæðismenn snúist eins og skopparakringlur í sínum hringlandahætti.

En út af hverju er allt þetta fjádráfok? Fyrir þá sem ekki hafa fylgst með umræðunni þá er verið að tala um að spara 50 milljónir í 850 milljóna framkvæmd með því að minnka íþróttasalinn úr 22mtr. x 44mtr. í 18mtr. x 33mtr.

Þreyttur á að vera puntudúkka

Formaður íþrótt- og tómstundaneftarar sagði á fundi matsnefndar um byggingu íþróttamiðstöðvar í janúar að í sínum huga kæmi ekki til greina að minnka íþróttasalinn úr 22mtr. x 44mtr. Á fundi íþrótt- og tómstundaneftarar sagði annar fulltrúi þess sama flokks að hann væri orðinn þreyttur á að vera "puntudúkka" og lýsti sig andsnúinn minnkun salarins en aðeins viku seinna greiða þessir aðilar sem eru í meirihluta íþrótt- og tómstundaneftarar atkvæði með minnkun salarins. Hver snýst í hringi og hver er puntudúkka? Það skyldi þó ekki vera að Ragnar Reykás stjórn þessum hringlandahætti með bláu höndinni.

Bókanir hafa gengið á víxl og er málið allt að verða hið sköndnasta. Vitnað er í gamlar bókanir minnihlutans þar sem lagt er til sparsemi og nýja stefnu nýs meirihluta þ.e. íþróttasalur við hvern skóla sem var jú stefna fráfarandi meirihluta.

Hæpinn sparnaður

Minnihlutinn hefur ætíð bent á að nota eigi skynsemina en vera ekki rekin áfram af kosningalofordum og fresta alfarið þessari framkvæmd að öðru leyti en að byggja hentugan íþróttasal. Það virðist samt eiga að djöfla þessu áfram þrátt fyrir að kostnaður sé kominn langt upp fyrir fjárhagsáætlanir bæjarins um byggingu þessa mannvirkis. Ekki virðast 50 milljónir vera mikið til viðbótar þegar á að þvinga byggingu þessarar íþróttamiðstöðvar í gegn. Hæpinn sparnaður til lengri tíma þegar ekki verður hægt að nota salinn á fullnægjandi hátt, eins og fram hefur komið í ábendingum

m.a. íþróttakennara og fagstjóra Lágafellsskóla. Sparnaður sem gæti orðið of dýr eftir nokkur ár þegar öllu verður á botninn hvolft. Það getur nefnilega verið dýrt að spara aurinn en henda krónunni.

Sorgleg niðurstaða

Á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 11.maí var samþykkt með 4 atkvæðum meirihlutans gegn 3 atkvæðum minnihlutans að íþróttasalur íþróttamiðstöðvar við Lækjarhlíð skyldi minnkaður úr 22x44 í 18x33m. Minnihlutinn hefur ítrekað nauðsyn þess að byggja salinn stærri enda verði horft fram á við og íþróttasalur byggður sem þjóni öllum þörfum í nútíð og framtíð. Jafnt fyrir nemendur við Lágafellsskóla svo og stækkandi leikskóla að Huldubergi en eins og allir vita er mikil umræða um að leggja eigi aukna áherslu á hreyfingu leikskólabarna. Benda má á að það hefur alltaf verið skoðun minnihlutans að það skuli vera íþróttasalur við hvern skóla og því engin ný sannindi þar á ferð. Dapurlegast er að með þessari ákvörðun er aðeins verið að "spara" 50 milljónir í 850 milljóna framkvæmd.

Á sama fundi bæjarstjórnar bókuðu fulltrúar B og G lista eftirfarandi:

Í ljósi þeirra gagna og upplýsinga sem fram hafa komið teljum við það óásættanlegt að íþróttasalurinn við Lækjarhlíð verði minnkaður úr 22x44m í 18x33m. Þegar allar kennslustundir fyrir nemendur í um 30 bekkjadeildum, valáföngum, sérkennslu og frístundaskóla eru teknar saman er ljóst að húsið getur ekki annað því starfi innan eðlilegs tíma yfir daginn sem og hugsanlegum afnotum leikskólabarna af salnum. Viðvörðunartíð hafa komið fram frá fagaðilum um þetta efni, sem ber að taka alvarlega, um að minnkun salarins þrengi að íþróttakennslunni við skólann sem og hamli framtíðarþróun um fjölgun hreyfitíma grunnskólabarna.

Notum skynsemina og látum kosningaloford ekki reka okkur áfram og frestum þessari framkvæmd að öðru leyti en að byggja skuli hentugan íþróttasal, skal bent á að áætlaður kostnaður er kominn langt fram úr fjárhagsáætlunum Mosfellsbæjar.

Dregið úr vexti atvinnulífs

Framsóknarfélag Mosfellsbæjar hélt fund í húsakynnum sínum að Háholti 14 í byrjun janúar og var fundurinn vel sóttur. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

Opinn fundur Framsóknarfélags Mosfellsbæjar um atvinnumál í bæjarfélaginu skorar á bæjaryfirvöld að blása til sóknar í atvinnuuppbyggingu. Stefunumörkun í atvinnumálum var unnin árið 1999 en hefur ekki verið fylgt eftir. Í stað þess að halda uppbyggingunni áfram hefur verið dregið úr öllum þeim þáttum er snúa að frekari uppbyggingu atvinnulífs í bæjarfélaginu. Atvinnuþróunarsjóður hefur verið lagður niður ásamt stöðu atvinnu- og ferðamálafulltrúa. Til mælum er beint til bæjaryfirvalda að vinna að markvissri uppbyggingu öflugs atvinnulífs samhliða uppbyggingu íbúabyggðar.



Umhverfisdagur hestamanna.

Í síðustu viku máí mánaðar blés beitar- og umhverfisnefnd Hestamannafélagsins Harðar til hins árlega hreinsunardags þar sem gæðingarnir fengu frí en þess í stað tóku knaparnir sér hrífu og plastpoka í hönd og hreinsuðu til í nánasta umhverfi félagsins. Reiðvegir voru rakadír og allt rusl tínt meðfram þeim auk þess sem að hesthúsahverfið var hreinsað. Hreinsuðu hestamenn svæðið frá Mosfellsdal og meðfram ströndinni allt að bæjarmörkum. Það voru milli 50 og 60 hestamenn sem tóku þátt í átakinu og var stemmningin mjög góð. Að lokinni hreinsun bauð félagið hreinsunarmönnum upp á síðbúinn kvöldverð.

Þetta er í fimmta skipti sem beitar- og umhverfisnefnd félagsins stendur fyrir þessum skemmtilega viðburði og haft var á orði að alltaf minnkaði ruslið með hverju árinu. Fyrsta árið var afreksturinn fjórir fullir gámar en nú var það aðeins einn fullur gámur. Segja má að það sé til marks um aukna umhverfisvitund fólks að ruslið fer minnkandi með hverju árinu.



GRVENAMÝRI 3 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 5668888 • FAX 5668889



Jafnréttismál afgangsstærð?

Á fundi í fjölskyldunefnd lögðu fulltrúar B og G lista fram eftirfarandi bókun í tilefni af umræðu um endurskoðun Jafnréttisáætlunar Mosfellsbæjar 2002-2005:

Allt þetta kjörtímabil hafa jafnréttismál verið afgangsstærð. Núverandi meirihluti lagði niður starf jafnréttisfulltrúa og skömmu síðar einnig jafnréttisnefnd. Jafnréttismál voru færð undir fjölskyldunefnd án þess að ætla störfum hlaðinni nefnd aukid fjármagn né aukinn fundartíma. Þetta hefur leitt til þess að jafnréttismálum hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Í gildandi jafnréttisáætlun er m.a., gert ráð fyrir að gerð skuli launakönnun á tveggja ára fresti, að veita skuli viðurkenningu í byrjun árs þeirri stofnun, fyrirtæki eða deild, sem hefur staðið sig best árið áður við að vinna að framgangi jafnréttisáætlunarinnar. Jafnframt á fræðslan um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnari stöðu kynjanna, bæði innan stofnana bæjarins og gagnvart bæjarbúum, að vera virkur þáttur í starfi nefndarinnar sem sinnir jafnréttismálum. Þessum þáttum hefur lítið verið sinnt og sumum ekkert. Með sama áframhaldi verður jafnréttisáætlun bæjarins lítið meira en rykfallið plagg sem sýnir að núverandi meirihluti hefur ekki áhuga á að bærinn starfi í anda áætlunarinnar.

Ný Nóatúnsverslun í Mosfellsbæ

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt að úthluta Smáragarði ehf. tveimur lóðum Háholts 13 og 15, við hlið nýju bensínstöðvar Esso. Hugmyndir Smáragarðs er að byggja yfir nýja 3000m² Nóatúnsverslun.

Skortur á dagforeldrum

Mikill skortur er á dagforeldrum í bæn-um. Fólk virðist ekki sækjast eins eftir þessu starfi nú og hér á árum áður. Margar ástæður kunna að vera fyrir því. Ein af þeim gæti verið sú, að atvinnuástand er gott í landinu og foreldrar sjá sér ekki hag í því að vera heima. Einnig hættu margir dagforeldrar sl. haust þegar félagsmálaráðuneytið gaf út drög að reglum um daggæslu í heimahúsum. Þá var uppi hugmynd um að fækka leyfilegum barnafjölda úr fimm niður í fjóra, en sú hugmynd féll í grýttan jarðveg og var dregin til baka.

Ljósleiðaranet í Mosfellsbæ

Próstur Karlsson oddviti framsóknarmanna hefur lagt til í bæjarráði að farið verði í viðræður við Orkuveitu Reykjavíkur um lagningu ljósleiðaranets í Mosfellsbæ. Bæjarráð samþykkti með þremur atkvæðum að fela bæjarstjóra að kanna möguleika sem kunna að vera fyrir hendi varðandi lagningu ljósleiðaranets í Mosfellsbæ.

Skattþíndir hestamenn

Félag hesthúsaeygenda á Varmárbökkum hefur sent bréf til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar vegna óánægju með álagningu holræsagjalds. Félagið vitnar til vatnalaga grein 88. sem segir: Bæjarstjórn leggur holræsi svo að lóðareigandi hver ná til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald, fyrr en svo er.

Samkvæmt 4.mgr. 87.gr. vatnalaga nr. 15/1923 skal holræsagjald ákveðið í reglugerð. Í 90.gr. sömu laga kemur fram að reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, sem bæjar-



stjórn semur, skuli sendar ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefur hlotið staðfestingu ráðherra er hún lögmæt holræsareglugerð. Þessari reglugerð þarf að fylgja kostnaðartölur af viðkomandi holræsagerð.

Samkvæmt upplýsingum frá félaginu hefur ekkert svar borist frá Mosfellsbæ.

Ný náma í Mosfellsbæ?

Skipulagsstofnun heimilaði með bréfi til ÍAV í mars s.l. að námagróftur geti hafist í Blika-staðanesi, þar sem stofnunin teldi að þessi framkvæmd væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum, en í verkahring stofnunarinnar er að meta slíkt.

Áætlað er að taka allt að 150.000 rúmmetrum af efni úr nesinu, sem er umtalsvert magn og margir aðilar talið að með því væri verið að framkvæma umhverfisslys í einni náttúruverlu Mosfellsbæjar. Náman verður síðar fyllt af efni sem kemur upp úr lóðum við gröft í Blika-staðalandi og ofan á allt saman koma golfbrautir sem er hluti af stækkun golfvallarins í 18 holu golfvöll.

Bæjarráð samþykkti með 2 atkvæðum að

ganga til samninga við ÍAV um verkið, en fulltrúi B-listans í bæjarráði sat hjá. Verkið þarfnast síðar framkvæmdaleyfis opinberra aðila eins og heilbrigðiseftirlits og verður forvitnilegt að sjá hvort það fæst.



Fiskbúðin

Sundlaugavegi 12 s 568 6003

Viltu selja...
Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
www.fastmos.is
Íverholti 2 - Mosfellsbær

RÁDGJÖF ehf.
VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA
LYNGHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK
SÍMI 587 5720

Flégarður
VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði
Háholts 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097

Rafmögnum ehf.
Löggiltir Rafverktakar
Háholts 14 Mosfellsbær
Haraldur Arnarson
S. 861-0665
Björgvin Jónsson
S. 897-2372
Alhliða rafverktakar



Nýir eigendur Grillnestis

Nú í vor var skipt um eigendur á Grillnesti, hjónin Guðný Smith Ægisdóttir og Lovell Smith eru tekin við rekstrinum. Þau eru bjartsýn á framtíð rekstursins og ætla að færa út kvíarnar. Þau hafa nú þegar opnað pizzastad í hinum endanum þar sem bakarið var áður. Pizzasneiðar úr ofni í Grillnesti ásamt öllum þeim girnilegu grill- og skyn-dibitammat sem þau framleiða eru á góðum tilboðsverðum. Mosfellsfréttir óska þeim hjónum til hamingju með nýja fyrirtækið.

Helga Jóhannesdóttir:

Gerum gott samfélag betra

Þeir sem búa í Mosfellsbæ eru eflaust sammála því að gott sé að búa í bænum en að margt sé þar sem betur megi gera. Þann 28. maí s.l var haldið íbúáþing hér í Mosfellsbæ. Frábært framtak að mínu mati, vel auglýst og því synd að sjá hve fáir mættu til að tjá sig um það sem betur má fara hér í okkar ágætis bæjarfélagi, en hér var um íbúalýðræði að ræða. Nógu margir virðast hafa skoðanir á því sem betur megi fara, en þegar tækifæri gefst til að láta þær skoðanir í ljós brestur oft kjarkinn. Segja má að tímasetning þingsins hefði kannski geta verið önnur og betri. Til að mynda voru mjög margir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu að útskrifa nemandur þennan dag og margir farnir að leggja leiðir sínar um helgar í sumarbústað, fellihýsi o. þ.h.

Börnin okkar

Dagskrá íbúáþingsins var í alla staði vel skipulögð og margt var í boði. Fjölmargar nefndir störfuðu á þinginu og skiluðu þær allar álitinu sínu í lok þingsins. Vel skipulögð og fjölbreytt dagskrá var fyrir börnin og eiga þeir sem þar komu að máli hrós skilið.

Opnunartími sundlaugar, einstaklings miðað nám, aðgengi að Tungubökkum og stærð íþróttahúss við Lágafellsskóla voru til umræðu í nefnd þeirri er fjallaði um íþrótt- og tómstundamál í bænum.

“Barnafjölskyldan” var heiti nefndar þeirrar er fjallaði um málefni barnafjölskyldunnar og var þar sem og í atvinnu- og ferðamálanefndinni fjallað um dagvistun barna á aldrinum 0-2ja ára þó með mismunandi áherslum. Skólaselin í og við Lágafells- og Varmáarskóla voru til umræðu og eru margir þeirra skoðunar að aðstaða sú sem börnum okkar er þar boðin sem er að hámarki 15 tímar á viku sé ófullnægjandi.

Of dýrt í strætó

Niðurstöður hóps ungra bæjarbúa á íbúáþinginu er þar heitið “lýðræði unga fólksins” voru áhuga-

verðar. Meðal þess sem unga fólkinu finnst að er að of dýrt er í strætó til Reykjavíkur, of langan tíma tekur að komast í bíó, veitingastaði vantar í bæinn sem og verslanir sem versla með föt sem unglingar “fíla”. Ungu fólkið hrósaði á hinn bóginn nýja hjólabrettasvæðinu sem og göðum og metnaðarfullum þjálfurum hjá Aftureldingu.

Hvað skipulagsmálin varðar var það niðurstaða hópsins er fjallaði um skipulagsmál í bænum að byggð í bænum eigi að vera fjölbreytt, lágreist og að huga eigi vel að takmörkunum á umferðarhávaða og mengun. Opin svæði og skipulögð fjölskyldsvæði fannst hópnunum að vantaði og að skilgreina þyrfti betur miðbæ Mosfellsbæjar.



Helga Jóhannesdóttir

Gott framtak

Athyglisvert var að fram kom í niðurstöðu hóps er fjallaði um eldri borgara í bænum að þjónustuhópur sá sem starfar í bænum sbr. lög um málefni aldraðra, hefur ekki verið kallaður saman til fundar í heilt ár. Verkefni þjónustuhópsins eiga m.a að vera eftirfarandi:

- að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu,
- að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu,
- að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast
- og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru og að meta vistunarþörf aldraðra.

Þetta var einungis það helsta sem fjallað var um á íbúáþinginu. Þingið var gott framtak og vonandi að niðurstöður þess verði birtar okkur íbúum Mosfellsbæjar í heild. Vonandi var tilgangur þingsins að bæta okkar ágætis samfélag hér í Mosfellsbæ en ekki einungis að móta stefnu stjórnmalaflokka í kosningu á komandi ári.

Áfram stelpur



Kvennahlaup ÍSÍ var haldið í 9. sinn hér í Mosfellsbæ þann 11.júní sl. Yfirskrift hlaupsins var “Áfram stelpur” en það hefur einmitt verið markmið Kvennahlaupsins frá upphafi að vekja áhuga kvenna á reglulegri hreyfingu, aukinni þátttöku kvenna í íþróttum, sem og í stjórnunar- og nefndarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar.

Sjóvá er aðalstyrktaraðilinn í hlaupinu en einnig styrktu fyrirtæki í Mosfellsbæ okkur. Þau eru Dalsgarður, Íslandsbanki, KB-banki og Reykjalundur. Í Mosfellsbæ var hlaupið af stað uppúr klukkan ellefu í blíðskapar veðri. Um 1000 konur gengu eða hlupu þrjá, fimm eða sjö km í fallegu umhverfi. Það voru Stelpur á öllum aldri sem tóku þátt í hlaupinu, allt frá nýfæddum litlum stelpum í vögnun og til langamma þeirra sem láta sig ekki vanta. Það fréttist af einni 86 ára gamalli langömmu sem var komin hingað alla leið frá Svíðþjóð. Það má ætla að hún hafi verið aldursforsetinn. Hver “stelpa” tók þátt í hlaupinu á eigin forsendum, valdi sér leið við hæfi og brosti framan í heiminn.

Áfram stelpur og til hamingju með lífið og tilveruna!



Fyrirmyndarfélag

Fimleikadeild Aftureldingar hélt sína vorsýningu með glæsibrag í lok maí. Fimleikadeildin hefur stækkað ört síðan hún var stofnuð og er hún að verða eitt stærsta félag innan Aftureldingar. Þess má geta að félagið hefur hlotið viðurkenningu frá ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag.



Frá vortónleikum Skólakórs Varmáarskóla ásamt 4. bekk.

Verið velkomin

ESSO Háholti, Mosfellsbæ

Opið til kl: 24.00 alla daga

Gamlar spár rætast

Við samþykkt á ársreikningi Mosfellsbæjar fyrir árið 2004 lögðu fulltrúar B og G lista fram eftirfarandi bókun.

Í þriggja ára áætlun árunna 2002-2004 í tíð fyrri meirihluta var gert ráð fyrir um 250 milljóna framlagi frá rekstri á árinu 2004 og má segja að þær áætlanir hafi verið að rætast. Í áætlunum var gert ráð fyrir að eftir mikið fjárfestingatímabil við uppbyggingu og endurreisn sveitarfélagsins, þá myndi stöðum (íbúum) fjölga og reksturinn sýna mikinn bata og jákvæða niðurstöðu ár frá ári.

Þessi ársreikningur sýnir þá jákvæðu þróun að tekist hefur að snúa rekstri sveitarfélagsins í jákvæða niðurstöðu og það ber að þakka.

Við lestur ársreiknings fyrir árið 2004 er ljóst að utanaðkomandi áhrif hafa orðið þess mest valdandi að þessi niðurstaða fékkst og má benda á nokkur atriði í því sambandi. Jákvæð gengisþróun upp á um kr.70 milljónir, aukið framlag úr Jöfnunar-sjóði um 30 milljónir, þensla í þjóðfélaginu með aukningu á skatttekjum upp á um 35 milljónir og minni kostnaðar vegna verkfalls kennara eða um 20 milljónir. Einnig má benda á að með mikilli hækkun þjónustugjalda í sveitarfélaginu og hækkana á fasteignagjöldum vegna stórhækkandi fasteignamats sem hefur fært sveitarfélaginu miklar tekjur, en rekstrartekjur sveitarfélagsins jukust í heildina um 235 milljónir á milli árunna 2003 og 2004. Minnihlutinn vonar að það takist að halda rekstri sveitarfélagsins í réttu horfi og þess gætt að barnafjölskyldurnar beri ekki mestu álögurnar eins og verið hefur.

Jafnræðis skuli gætt við íþróttastyrki bæjarins

Fulltrúar B-listans hafa lagt fram breytingartillögu við styrkveitingu við íþrótt- og tómsundafélög í bæjarfélaginu:

Breytingartillaga B lista hljómaði þannig: Í ljósi þess að samningar við íþrótt- og tómsundafélög í Mosfellsbæ eru jafn mismunandi og þeir eru margir og því óljóst að fulls jafnræðis sé gætt milli félaga, leggja fulltrúar B-listans til að í stað fyrirliggjandi samninga verði teknir upp iðkenda styrkir og verði þeir eftirfarandi:

6-12 ára kr 10.500,-

13-18 ára kr 15.500,-

Sé félagið eða viðkomandi deild fyrirmyndarfélag ÍSÍ greiðist 5% auka álag pr. iðkanda. Með þessu móti er tryggt jafnræði milli félaganna auk þess sem aldurshópn- um 13-18 ára er gefið aukið vægi, enda er brottfall mest úr þeim hópi og því mikilvægast að tryggja honum sterkt og öflugt starf. Öruggt er að þessi breyting kæmi til með að hafa mikið forvarngildi.

Tillaga þessi mun hækka heildarkostnað samninga um u.þ.b. 10% miðað við áætlan- adan núverandi skráðan fjölda iðkenda.

Málið er til umfjöllunar hjá íþrótt- og tómsundanefnd Mosfellsbæjar.

Lögbrjótar við völd?

Í bæjarstjórn Mosfellsbæjar var tekist á um hvort meirihluti sjálfstæðismanna væri að fara að lögum með því að samþykkja að taka tilboði lægstbjóðanda í byggingu íþróttamiðstöðvar við Lágafellsskóla, en tilboðið hljóðaði upp á 875 milljónir. Í samþykktari áætlun fyrir árið 2005 og 3ja ára áætlun er aðeins gert ráð fyrir samtals um 600 milljónum til byggingarnar á árunum 2005-2008 og er upphæðin langt umfram fjórðungi skatttekna Mosfellsbæjar.

Í 65.gr. sveitarstjórnarlaga segir m.a.:

“Hyggist sveitarstjórn ráðast í fjárfestingu og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í henni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða. Jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára á-

ætlun sveitarfélagsins.”

Í ljósi þessa ákvæðis sveitarstjórnarlaga var óskað eftir því að gögn samkvæmt lagagreininni yrðu lögð fram í bæjarstjórn áður en að samþykkt bæjarráðs um að taka tilboði í byggingu íþróttamiðstöðvar yrði tekin til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Tillagan var borin upp og felld með fjórum atkvæðum gegn þremur atkvæðum minnihlutans fulltrúum B og G listans.

Minnihlutinn benti síðan á í framhaldinu að þar sem ekki lægi fyrir umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu og árlegan rekstrarkostnað bæjar- sjóðs eins og áskilið er í 65.gr. sveitarstjórnarlaga væri ekki hægt að taka afstöðu til málsins.

Í lokin lögðu fulltrúar B og G lista fram tillögu um að leitað verði úrskurðar Félagsmálaráðuneytisins um gildi 65. gr. sveitarstjórnarlaga gagnvart afgreiðslu þessa máls og var tillagan felld af meirihluta sjálfstæðismanna.



Svipmyndir frá tónleikum Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar

Byggingarfélagið
BAULA ehf

Mosfellsbæ • Sími 690 0502

Skagey ehf

Spóahöfða 21 sími 586 8410



BÆJARDEKK

Hjólbarðapjónusta

Smurpjónusta

ÖRUGG OG LIPUR ÞJÓNUSTA

Kerrur

MOSFELLSBÆ.

SÍMI:566-8188

17 júní 2005



Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.00

Ræðumaður: Birgir D. Sveinsson, f.v. skólastjóri Varmárskóla

Einsöngur:

Jóhann Friðgeir Valdimarsson, tenór Kirkjukór Lágafellssóknar.

Organisti: Jónas Þórir

Sóknarprestur, sr. Jón Þorsteinsson þjónar fyrir altari

Skátar standa heiðursvörð við kirkjudyri.

Skrúðganga frá Bæjarleikhúsi að Hlégarði kl. 14:00

Hátíðardagskrá inni í Hlégarði:

Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar útnefndur, fjallkona flytur ávarp, Reykjalundarkórinn syngur

Hátíðardagskrá á Hlégarðssvæðinu

Fjöllistamaðurinn Space cowboy Leikskólabörn frá Reykjakoti skemmta bæjarbúum

Leikfélag Mosfellssveitar

Atriði úr Stígvélaða kettinum

Stúlkur úr Fimleikadeild UMFA sýna

Andlitsmálun, Söluþjöld, Tívoli, Leikir, glens og gaman með félögum úr Mosverjum,

16:00 Sterkasti maður Íslands!

8 sterkustu menn landsins keppa um titilinn sterkasti maður Íslands.

20 til 22:00 mun hljómsveitin Bermúða skemmta bæjarbúum, ungum sem öldnum á Hlégarðstúninu.

Meistaraflokkur Aftureldingar kominn á skrið

Afturelding - Fjarðabyggð 5-0 laugardaginn 11. júní Einn leikmaður úr hvoru liði þurfti að fara út af vegna meiðsla snemma leiks. Á 23.mínútu komst Afturelding yfir. Srdjan Rajkovic í marki Fjarðabyggðar misreiknaði fyrirgjöf og boltinn endaði hjá varamanninum Birni Sigurbjörnssyni sem skoraði með skalla. Á 52.mínútu komst Afturelding í 2-0 og þar var að verki Þorvaldur Árnason eftir sendingu frá Jónasi Guðmannssyni eftir laglega sókn.

Á 60. mínútu átti Björn skemmtilega hælssendingu inn á Jóhann Björn Valsson sem skoraði þriðja markið. Marjan Cekic fékk færi til að minnka muninn fyrir Fjarðabyggð er hann slapp í gegn en Hannes Þór Halldórsson í marki Aftureldingar varði á meistaralegan

hátt. Á 83.mínútu fékk Þorvaldur boltann fyrir utan teig, hann átti skot sem Rajkovic varði en Þorvaldur fylgdi á eftir og skoraði. Á 89.mínútu náði Þorvaldur þrennurni er hann skoraði með skalla eftir hornspyrnu og lokatölur 5-0 sem ekki margir áttu von á þar sem fyrir þennan leik hafði Afturelding ekki unnið leik í deildinni en Fjarðabyggð hafði ekki tapað leik.

Næsti leikur er við ÍR í Breiðholtinu og síðan 20. júní nk. leikum við hér í Mosfellsbænum í 32ja liða úrslitum bikars og mætum Víkingum Reykjavík. Mosfellingar mætum á völinn og styðjum við bakið á okkar mönnum.



Maður leiksins Þorvaldur Árnason.



MOSFELLSBÆR

DÝRAHALD

Að gefnu tilefni viljum við minna á að lausaganga hunda er stranglega bönnuð.

Fjórdá árið í röð hefur það gerst að hundar hafi komist í fé. Viljum við því bryna fyrir fólk að lausaganga hunda er bönnuð.

4.gr - Almenn um skyldur hundaeigenda
Hundur skal aldrei ganga laus á almannaferi heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. A almannaferi er hundaeigandi skyld að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Eigendum og forráðamönnum katta ber einnig að taka tillit til fuglalífs á varptíma, með því að hengja bjöllu á ketti og takmarka útiveru þeirra.

Einnig er minnt á að lausaganga hesta er bönnuð. Laus hross sem tilkynnt er um verða flutt í geymslu og einungis afhent gegn greiðslu handsömundargjalds auk útlagskostnaðar.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



Hestalist
-spónaval-



Íslsmiðjan
Sveinn efir

Flugumýri 6 - 270 Mosfellsbæ
Sími 566 6705 / 896 1705
Símbóði 846 1705
Fax 566 7726

• Öll almenn rennismíðl og fræsunt!

REYKJABÚIÐ

REYKJUM • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 566 6800



ÍSFUGL EHF.

Reykjavegur 36 Mosfellsbæ Sími: 566 6103



Netfang: berg@berg.is • Heimasíða: berg.is
Opið virka daga frá kl. 9-18

Sími 588 55 30



Sigrún Stella Einarsdóttir,
lögg. fasteignasali



Pétur Pétursson,
lögg. fasteignasali

Ágætu sveitungar
Vantar allar tegundir eigna á skrá
Frí skoðun og verðmat

Fasteignamiðlunin Berg, Háaleitisbraut 58, www.berg.is

Aðgerðaleysi í atvinnumálum

Á sama tíma og bæjarfélögin í landinu keppast við að laða að ný fyrirtæki eða stuðla að uppbyggingu nýrra fyrirtækja, þá virðist fátt markvert vera að gerast á þessu sviði í Mosfellsbæ.



Stefnuleysi í atvinnumálum virðist vera talsvert ef ekki algert. Núverandi meirihluti hefur ekki lagt fram neitt markvert í málaflokknum síðastliðin ár. Atvinnu- og ferðamálanefnd næsta lömuð eða í það minnsta áhugalaus og tilburðir nefndarinnar litlir og veikburða ef marka má þær fáu fundargerðir sem liggja frammi á netinu (vef bæjarins www.mos.is).

Stefnuleysi í atvinnumálum virðist vera talsvert ef ekki algert. Núverandi meirihluti hefur ekki lagt fram neitt markvert í málaflokknum síðastliðin ár. Atvinnu- og ferðamálanefnd næsta lömuð eða í það minnsta áhugalaus og tilburðir nefndarinnar litlir og veikburða ef marka má þær fáu fundargerðir sem liggja frammi á netinu (vef bæjarins www.mos.is).

Innantóm loforð

En lítum nú á hvað ritað var í stefnuskrá núverandi meirihluta fyrir síðustu kosningar, en þar segir meðal annars: „Við leggjum áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf í Mosfellsbæ sem er byggt upp í sátt við umhverfið og sérstöðu bæjarins. Við ætlum að höfða til leiðandi fyrirtækja og stofnana og tryggja þeim metnaðarfulla þjónustu“ Í þessari sömu stefnuskrá stendur líka „Við ætlum að hvetja til frumkvæðis í nýsköpun og vera öðrum fyrirmynd í þeim efnum“. Þetta og miklu fleirra af finnum markmiðum eru í stefnuskránni og gaman væri að sjá eitthvað af þeim í framkvæmd.

Þögn Ragnheiðar

Ég sagði upphafi greinar minnar að bæjarfélögin í kringum landið kepptust við í atvinnumálum og má m.a. benda á að Garðabær hefur laðað til sín fjölda fyrirtækja, Hafnarfjörður auglýsir atvinnulódir og laðar að sér ný fyrirtæki, Árni Sigfússon bæjarstjóri í Reykjanesbæ skrifar um aðgerðir í atvinnumálum þar sem hann viður m.a. fjölda áhugaverðra hugmynda auk raunverulegra aðgerða. Gaman væri nú ef Ragnheiður skrifaði nú slíka grein í Mosfelling eða Varmána grein sem segði frá hugmyndum og raunverulegum aðgerðum í atvinnumálum.

Helstu stórvirki núverandi meirihluta í atvinnumálum virðast vera orðin tóm. Skammt er að minnast aðgerða núverandi meirihluta þegar þeir sögðu upp atvinnu- og ferðamálafulltrúa Mosfellsbæjar og lögðu niður atvinnuþróunar-sjóð bæjarins, síðan þá hefur bara sigið á ógæfuhliðina í atvinnulífi Mosfellinga.

Metnaðarleysi?

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum hafa haldið uppi góðu atvinnuástandi á landsvísi en þrátt fyrir það ætti það að vera metnaðarmál herrar bæjarstjórnar að ýta undir og hvetja til nýsköpunar í atvinnulífi auk þess að laða að fyrirtæki til bæjarins.

Það er von mín að þessi greinarstúfur verði til þess að hvetja núverandi meirihluta til dáða það sem eftir eru af kjörtímabilinu, en miklir möguleikar eru til staðar í atvinnumálum m.a. tengdum ferðaþjónustu og íþróttamálum svo eitthvað sé nefnt.

Marteinn Magnússon varabæjarfulltrúi B-listans

Lítið íbúalýðræði

Eins og flestum bæjarbúum Mosfellsbæjar er kunnugt, hefur nú verið tekin sú ákvörðun að reisa glæsilegt íþróttamannvirki við Lækjarhlíð. Þrátt fyrir að allir flokkar hafi verið sammála því á síðasta kjörtímabili að nauðsynlegt væri að endurbyggja/reisa nýja sundlaug við Íþróttamiðstöðina að Varmá, hefur meirihlutinn nú tekið þveröfuga stefnu og keyrt málið áfram af litlum samstarfsvilja. Ég tel undirbúning og ákvarðanir varðandi þessar framkvæmdir hafa verið klúður frá upphafi. Ég sem nefndarmaður og einn af fulltrúum bæjarbúa í íþrótt- og tómsundarnefnd bæjarins, finn mig knúna til að leggja hér orð í belg og þá ekki síst fyrir þær sakir að hafa margra ára reynslu af íþróttakenndu barna.

Þegar umrædd ákvörðun var tekin kom íþrótt- og tómsundarnefnd lítið sem ekkert að þessu máli og fékk þar af leiðandi ekkert að segja um fyrirhugaðar framkvæmdir. Upplýsingar hafa verið af skornum skammti, svo ekki sé dýpra í árinna tekið og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafa ekki fengist skýr svör frá meirihlutnum um ýmsa þætti sem ég tel skilyrðislaust eiga liggja uppi á yfirbordinu áður en framkvæmdir hefjast. Þrátt fyrir hávær mótmæli og undirskriftalista sem um 1700 kosningabærir bæjarbúar skrifuðu undir, var sú ákvörðun tekin að reisa þetta mannvirki á vestursvæðinu. Hér má telja að um 30% bæjarbúa hafi lýst því yfir að endurskoða beri afstöðu meirihlutans, sem þó var ekki gert og sýnir það ótrúlegan hroka í garð kjósenda að mínu mati. Það er því ljóst að stjórnendur Mosfellsbæjar telja okkur í stakk búin til að reka tvær sundlaugar í sveitarfélagi sem telur rúmlega 7.000 manns líkt og Kópavogsbær, sem á dögnum tók nýja sundlaug í notkun en hafði til þessa látið sér duga eina laug fyrir 25.000 íbúa! Það sér hver heilvita maður að hér kemur kostnaður á hvern bæjarbúa til sundlaugarreksturs til með að verða margfaldur á við íbúa Kópavogsbæjar. Maður getur ekki varist þeirri hugsun hvort ekki væri skynsamlegra að verja peningunum til annarra mála sem biða úrlausna? Þau vinnubrögð meirihlutans sem hér hafa verið viðhöfð eru til skammar. Ég hef því miður setið fundi í íþrótt- og tómsundarnefndar þar sem mikilvæg málefni varðandi Íþróttamiðstöðina að Lækjarhlíð er til umræðu og þó nokkuð oft, hafa nánast engar upplýsingar fylgt með í þeim málum sem okkur er ætlað að veita umsagnir um, og telja má nauðsynlegar til að við getum byggt mat okkar á. Þessi vinnubrögð tel ég ekki í anda þess lýðræðis sem sveitarfélag eiga að vinna eftir og til skammar gagnvart kjósendum.

Nú er málið komið í þennan farveg og ákvörðun hefur verið tekin og því ekki aftur snúið í þessum efnum. Þá tel ég brýnt að vel sé að málum staðið og hagsmunir nemenda Lágafells-skóla séu hafðir að leiðarljósi. Það virðist þó allt stefna í að enn muni meirihlutinn fara fram með sama hætti og fyrr og fleiri klúður eiga sér stað. Nú mun það hafa verið samþykkt að í þessu mannvirki sem er farið að stíga hátt í milljarð króna á að reyna að spara á kostnað nemenda. Íþróttasalurinn sem vera átti á stærð við löglegan handboltavöll (22 x 44m) hefur nú verið minnkaður í stærð körfuboltavallar (18 x 33m) til þess að spara um 50 milljónir króna! Þetta er náttúrulega fátíðleg ákvörðun, á þessum tímum þegar þjóðin er sífellt að fitna og



menn hafa miklar áhyggjur af því hvað börn eru oft á tíðum með lítið úthald. Auk þess höfum við íbúar Mosfellsbæjar talið okkur geta státað af sveitarfélagi í fremstu röð þeirra sem hlúa vel að barna og íþróttastarfi. Þá er tekin ákvörðun um að spara

aurana og minnka rýmið sem börnin hafa í þessari stóru og dýru íþróttamiðstöð, sem er engu að síður miklu dýrari en í upphafi var gert ráð fyrir! Hvað er eiginlega í gangi? Hverjum er þessi íþróttamiðstöð ætlað að þjóna ef ekki börnunum? Mér finnst að nemendur eigi að hafa forgang að aðstöðu og leit að verði eftir að spara á einhverjum öðrum vígstöðvum. Það vita allir sem hafa á einhvern hátt komið að íþróttakenndu barna, að stærð íþróttasalar hefur ótvírátt mikil áhrif á líðan barna og kennara. Með minna rými á hvern nemenda kemur til með að fylgja aukin slysa-hætta og ýmiss önnur vandamál þegar kenna á fjölda nemenda samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Einnig má telja víst að þegar kenna þarf nokkrum árgöngum saman verði það erfiðara í minni íþróttasal og gefi margfalt minni möguleika á fjölbreyttum kennsluháttum. Auk þess hlýtur minni salur að takmarka notkun utan skólatíma, þó það sé ekki mitt helsta áhyggjuefni.

Nú eru breyttir tímar frá því sem áður var og mikill hraði einkennir líf ungra barnafjölskyldna. Ég tel það skyldu okkar sem störfum við uppeldi og umönnun barna og unglinga að við gerum okkar besta til að stuðla að velferð þeirra. Það er því mikil afturför í annars ágætu bæjarfélagi ef við ætlum okkur að spara á kostnað barna og heilsueflingar. Við getum eflaust nýtt þetta ágæta íþróttamannvirki til ýmissa annarra þátta er lúta að bæjarlífinu og því er mikilvægt að við stöndum vel að málum að þessu sinni. Það er ekki nóg að tala um að hlúa að heilsunni og stuðla að aukinni hreyfingu bæjarbúa, það þarf að fylgja því eftir með öllum ráðum. Það er því til vansa fyrir ungt og framsækið sveitarfélag að kasta krónunni og spara aurinn með þessum hætti. Öflug sókn í íþrótt og tómsundalífi er besta forvörn sem við getum veitt börnunum okkar. Það þarf að endurskoða þessa afdrifaríku ákvörðun!

Halla Karen Kristjánsdóttir

íþróttakennari til 13 ára og fulltrúi í íþrótt- og tómsundarnefnd Mosfellsbæjar.

